

Reglur um aðstoð Bjargráðasjóðs vegna tjóns af völdum öskufalls og flóða vegna eldgoss.

1. gr.

Bjargráðasjóður bætir beint tjón af völdum vatnsflóða, öskufalls og/eða hraunrennslis vegna eldgoss í Eyjafjallajökli í byggðarlögum þar sem umtalsvert tjón hefur orðið.

2. gr.

Bjargráðsjóður bætir fjárhagslegt tjón sem hlýst vegna:

- a. Hreinsunar á framburði á ræktarlandi vegna vatnsflóða.
- b. Hreinsunar á túnvegum og endurgerð þeirra vegna vatnsflóða og/eða öskufalls.
- c. Hreinsunar skurða vegna vatnsflóða og/eða öskufalls.
- d. Eyðileggingar eða skemmda á túngirðingum vegna vatnsflóða.
- e. Eyðileggingar á ræktarlandi vegna vatnsflóða og/eða öskufalls.
- f. Endurræktunar túna vegna vatnsflóða og/eða öskufalls.
- g. Uppskerurýrnunar á ræktarlandi vegna vatnsflóða og/eða öskufalls.
- h. Kostnaðar sem hlýst af búfjárflutningum af hamfarasvæðinu og framfærslu þess á nýjum stað.
- i. Tjóns á búfé og afurðum búfjár.

Óbeint tjón sem kann að leiða af bótaskyldum tjónsatburðum annað en uppskerurýrnun s.s. rekstartap, töf á framleiðslu eða afhendingu vöru, missi húsaleigutekna o.þ.h. bætist ekki.

3. gr.

Héraðsráðunautar eða aðrir trúnaðarmenn Bjargráðasjóðs leggja mat á tjón.

Úttektir héraðsráðunauta eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs skulu vera samræmdar og fara eftir vinnureglum sjóðsins um mat og úttekt á tjónum.

4. gr.

Umsókn um aðstoð úr Bjargráðasjóði skal vera skrifleg og á eyðublaði frá sjóðnum, þar sem það á við. Allar umsóknir þurfa að vera staðfestar, eftir því sem við á, af ráðunaut, dýralækni eða öðrum trúnaðarmönnum Bjargráðasjóðs.

Umsókn skal fylgja svo glögg skýrsla sem unnt er um tjónið. Jafnframt þurfa að fylgja umsókninni vottorð, eftir því sem við á, frá héraðsráðunautum, dýralækni eða öðrum trúnaðarmönnum Bjargráðasjóðs.

Skýlt er tjónþola að veita þær upplýsingar sem hann getur um tjón og orsök þess og að leggja fram bækur, reikninga, áætlanir, uppdætti og annað sem verið getur til leiðbeiningar við virðinguna.

Umsókn þarf að berast innan eins árs frá því tjón átti sér stað.

Stjórn Bjargráðasjóðs getur frestað afgreiðslu eða synjað umsóknum um aðstoð ef ekki eru lögð fram fullnægjandi gögn eða ef hún telur tjón ekki nægilega upplýst.

5. gr.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón skv. a.-c. lið 2. gr. eru greiddar samkvæmt úttekt og mati héraðsráðunauta eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs og mati á framlögðum reikningum, staðfestum af héraðsráðunautum eða öðrum trúnaðarmönnum Bjargráðasjóðs.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón skv. d. og e. liðum 2. gr. eru greiddar samkvæmt úttekt og mati héraðsráðunauta eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs. Við mat á tjóni skv. e. lið skal m.a. tekið tillit til ástands ræktarlands eins og það var áður en tjónsatburður varð, eftir því sem kostur er.

Við mat á tjóni skv. f. lið skal m.a. tekið tillit til ástands ræktarlands eins og það var áður en tjónsatburður varð, eftir því sem kostur er. Áður en framkvæmdir eru hafnar skal leitað til héraðsráðunauta eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs sem meta þörf fyrir framkvæmdir á hverjum stað, ásamt því að taka mið af magntölum sem til ráðstöfunar eru. Héraðsráðunautar eða aðrir trúnaðarmenn Bjargráðasjóðs gera úttekt á framkvæmdum við verklok og skila til stjórnar Bjargráðasjóðs.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón skv. g. lið 2. gr. eru greiddar samkvæmt úttekt á uppskeru á viðkomandi jörð við heyskaparlok árið 2010 og samanburði við uppskeru árána 2008 og 2009 samkvæmt forðagæsluskýrslum. Bætur fyrir fjárhagslegt tjón vegna mismunar á uppskeru 2010 og meðaltalsuppskeru árána 2008 og 2009 eru greiddar samkvæmt úttekt og mati héraðsráðunauta eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón skv. h. lið 2. gr. eru greiddar ef nauðsynlegt þykir að flytja búfé af svæðinu, sbr. 1. gr. Bætur vegna fjárhagslegs tjóns sem hlýst vegna beins kostnaðar við flutning búfjár og kostnaður við fóður á nýjum stað eða flutning á fóðri frá heimajörð eru greiddar. Dýralæknir staðfestir nauðsyn flutninga. Bætur eru greiddar samkvæmt mati á framlögðum reikningum, staðfestum af héraðsráðunautum eða öðrum trúnaðarmönnum Bjargráðasjóðs.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón skv. i. lið 2. gr. eru greiddar samkvæmt úttekt og mati héraðsráðunauta, dýralæknis eða annarra trúnaðarmanna Bjargráðasjóðs og fer matið eftir almennum vinnureglum Bjargráðasjóðs um slíkt tjón.

Meta skal viðgerðarkostnað á hinu skemmda og ber þá að miða við þær aðferðir og efni sem tíðkast er tjónsatburðurinn varð. Bætur skulu reiknaðar á verðlagi eins og það var á tjónsdegi.

Við ákvörðun bóta skal ekki reikna með aukakostnaði vegna efnis og aðferða sem eigi teljast lengur hagkvæmar.

Aðstoð Bjargráðasjóðs skv. d.-i. lið 2. gr., er háð því að fjármunir sem renna til tjónþola frá sjóðnum verði nýttir til þess verkefnis sem bætur eru greiddar fyrir.

Þrátt fyrir framangreind ákvæði 5. gr. leggur stjórn Bjargráðasjóðs sjálfstætt mat á tjónsupphæð til bóta fyrir hvert tjón.

6. gr.

Eigin áhætta tjónþola fer eftir mati stjórnar Bjargráðasjóðs og er m.a. háð fjármagni til ráðstöfunar.

7. gr.

Ekki er bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

8. gr.

Bjargráðasjóður greiðir bætur vegna fjárhagslegs tjóns, sbr. 2. gr., einungis einu sinni vegna hvers tjónsandlags.

Hafi verið ákveðið að rífa hið skemmda eða ástand þess var með þeim hætti að niðurrif var óhjákvæmilegt áður en tjónsatburður varð skal miða bótafjárhæð við verðmæti til niðurrifs.

9. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í lögum nr. 49/2009 um Bjargráðasjóð og gilda þau lög um aðstoð Bjargráðasjóðs þar sem reglum þessum sleppir.

Samþykkt af stjórn Bjargráðasjóðs á stjórnarfundum þann 23.4.2010.

Samþykkt af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra þann 7.5.2010.

A handwritten signature in blue ink, reading "Jón Bjarnason". The signature is written in a cursive style with a long horizontal stroke at the end.